

82. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 12. desember 2017.

## Fundargerð

### Fundurinn haldinn í Safnahúsinu í Neskaupstað og hófst kl. 15:00

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar á staðinn: Jón Björn Hákonarson (JBH), Sigrún Blöndal (SB), Gauti Jóhannesson (GJ), Sveinn Jónsson (SJ)

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar í síma: Sæunn Stefánsdóttir (SS)

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁP) sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins: Magnús Jónsson, endurskoðandi hjá KPMG

### Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar nr. 81
2. Samningur við SSA
3. Erindi til SSA vegna MMF
4. Fjárhagsáætlun 2018
5. Önnur mál

Formaður stjórnar Austurbrúar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Staðfesting fundargerðar nr. 81

Stjórn staðfestir fundargerð nr. 81.

### 2. Samningur við SSA

Magnús Jónsson fór yfir nokkur atriði varðandi samningsdrög milli SSA og Austurbrúar.

Framkvæmdastjóra er falið að vinna drög að framlengingu á samningi við SSA á grundvelli umræðna á fundinum. Málið verður tekið fyrir á stjórnarfundum Austurbrúar í janúar til afgreiðslu.

### 3. Erindi til SSA vegna MMF

Í samræmi við samþykkt á stjórnarfundum SSA vegna erindis frá Austurbrú þá mun Sigrún Blöndal funda með bæjarráði Seyðisfjarðarkaupstaðar um málið fyrir júl.

### 4. Fjárhagsáætlun 2018

Framkvæmdastjóri fór yfir forsendur fjárhagsáætlunar, tekjur og gjöld auk taxta við útreikninga. Stjórn samþykkir fjárhagsáætlunina og forsendur hennar eins og hún liggur fyrir fundinum með þeim fyrirvara að úr rætist í fjárlögum fyrir árið 2018. Stjórn leggur til að formaður stjórnar skrifi formála á fjárhagsáætlunina áður en hún verður send til stofnaðila.

### 5. Önnur mál

- Framkvæmdastjóra er heimilað að gera upp skuldbindingu sem stafar af eigin óteknu orlofi og umframunnum stundum vegna eldri orlofstímabila í samráði við þá starfsmenn sem slíkt háttar til um.
- Framkvæmdastjóri fór yfir niðurstöðu fjármálaráðuneytisins um skilgreiningu Austurbrúar m.t.t. lífeyrisauka.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn þann 23. janúar 2018 á Egilsstöðum. Fundi slitið kl. 17:20

---

Jón Björn Hákonarson

---

Sigrún Blöndal

---

Sveinn Jónsson

---

Gauti Jóhannesson

---

Sæunn Stefánsdóttir